



Efnahags- og viðskiptanefnd, Alþingis,
Nefndasvið, Austurstræti 8 - 10,
101 Reykjavík.

Reykjavík 3. desember 2020

Umsögn um frumvarp til laga um viðspyrnustyrki - 334. mál

Bandalag sjálfstæðra leikhúsa - SL gerir eina alvarlega athugasemd við þetta frumvarp. Hún er sú að lítil leikhús og atvinnuhópar í sviðslistum skuli vera útilokuð frá því að sækja þann stuðning sem frumvarpið boðar.

Áður hefur undirritaður komið fyrir nefndina þegar til umfjöllunar var frumvarp til laga um tekjufallsstyrki. Á þeim fundi var nefndinni gerð grein fyrir því að það frumvarp næði ekki til lítilla leikhúsa og atvinnuhópa í sviðslistum þó þau hefðu orðið fyrir algjöru tekjufalli síðan fyrstu samkomutakmarkanir voru settar á í mars sl. Þess var óskað að nefndin gerði breytingar á frumvarpinu til að koma á móts við þarfir þessara aðila. Það var ekki gert, en látið í ljósi að frekari úrræða væri að vænta sem kæmu þá mögulega til með að henta félögum og hópum á borð við okkar. Það veldur því vonbrigðum að það frumvarp um viðspyrnustyrki sem nú er til umræðu skuli ekki heldur ná til þeirra sem reka óhagnaðardrífna sviðslistastarfsemi. Verði ekki gerð breyting þar á er hætt við að aðilar á borð við Tjarnarbíó, Gaflaraleikhúsið, Leikhópin Lottu, Frystiklefann á Rífi og Kómediuleikhúsið fari hreinlega í þrot.

Á meðan íþyngjandi sóttvarnarráðstafanir og samkomutakmarkanir eru við lýði verða þessir aðilar í mjög erfiðri stöðu. Þeir höfðu stofnað til skuldbindinga vegna verkefna sem voru á dagskrá en þurfti að stöðva vegna samkomutakmarkana. Sem dæmi má nefna að á mánaðartímabili frá miðjum mars fram í miðjan apríl voru í Tjarnarbíói 19 atvinnuleikhópar sem töpuðu tekjum að upphæð 40-50 milljónir króna. Gera má ráð fyrir að amk. 60% þeirrar upphæðar hafi átt að fara í launakostnað en 30-40% í aðrar skuldbindingar. Við þetta tap bætist svo kostnaður við að gangsetja verkefni á nýjan leik þegar samkomuhöftum verður aflétt. Verkefnin sem þessir hópar standa fyrir þarf að æfa aftur að hluta, kynna og markaðssetja á nýjan leik með tilheyrandi kostnaði, að því gefnu að allir þeir sem störfuðu við verkefnið séu tiltækir til að koma til starfa á nýjan leik og að húsnaði og búnaður séu til reiðu en slíkt er alls óvíst. Þetta hangir svo allt á því að almenningur treysti því að óhætt sé að sækja menningarviðburði.

Sjálfstæðir leikhópar og lítil sjálfstæð leikhús eru ekki mörg en eru þó öll í sárum vanda. Tekjur þessara aðila er háðar miðasölu að miklu eða öllu leyti, en þær eru eðli málsins samkvæmt engar á meðan þetta ástand varir. Þessir aðilar eiga það líka sammerkt að vera ekki reknir í hagnaðarskyni. Enginn arður er greiddur út enda er ekki neinum rekstrarafgagni til að dreifa. Allar tekjur fara beint í kostnað og er langstærsti bitinn þar launakostnaður. Það er alveg ljóst að ef þeir fá engan stuðning þá fara þeir líklega allir í þrot fyrir næsta sumar. Því fylgir vitanlega kostnaður en stærsta tapið við þá dökku sviðsmynd er að vettvangur til sýninga á sjálfstæðum sviðslistum verður þá ekki til staðar og með því er fjárfesting ráðuneytis menningarmála í þessum kvika og öflugra geira gerð að engu.

Við afgreiðslu þessa máls óskar Bandalag sjálfstæðra leikhúsa eftir því að nefndin horfi til þess að fyrri úrræði stjórnvalda vegna faraldursins hafa ekki nýst sjálfstætt starfandi listafólki sem skyldi, þar sem þau hafa ekki gilt um menningarfélög, sem ráðuneytið og skattfyrvöld hafa ráðlagt okkur að stofna utan um reksturinn. Þetta á við um lokunarstyrki, hlutabótaleiðina og tekjufallsstyrki .

Við teljum að vonir okkar um að nýjasta úrræðið myndi henta litlum leikhúsum og atvinnuhópum, hafi verið fullkomlega réttmætar, ekki síst í ljósi orða fjármála- og efnahagsáðherra Bjarna Benediktssonar í ræðu þegar hann kynnti frumvarp um tekjufallsstyrki:

„Þeir sem hafa þurft að sæta ýmiss konar takmörkunum eða íþyngjandi sóttvarnarráðstöfunum sem haft hafa veruleg áhrif á reksturinn. Þeim hefur ekki verið gert að loka og falla þess vegna ekki undir lokunarstyrkina. Þessir aðilar ... hafa þurft að gera mjög miklar ráðstafanir, t.d. vegna fjöldatakmarkana inni á, segjum veitingastöðum og öðrum slíkum stöðum. Við þurfum að halda áfram að vinna úr hvernig við ætlum að koma til móts við þá.“

Þetta á sannarlega við um þá aðila sem hér er bent á að falli enn utan ramma löggjafarinnar og því eðlilegt að spurt sé hvaða ástæður liggi þarna að baki? Hvað veldur því að lítil leikhús og sviðslistahópar virðast enn og aftur lenda utangarðs í úrræðum stjórnvalda? Hér er ekki um marga aðila að ræða og upphæðirnar óverulegar í stóra samhenginu, en opinber stuðningur er nauðsynlegur eigi þessir aðilar að eiga einhverja von um að standa af sér storminn.

Brevtingartillögur

Almenn félagasamtök þurfa að falla undir lögina sem gjaldgengir rekstraraðilar til þess að lögina nái að styðja við lítil leikhús og atvinnuhópa í sviðslistum. Þannig þarf að bæta við 1. gr. frv. sem hér segir:

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um einstaklinga og lögaðila sem stunda tekjuskattsskyldan atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, hófu starfsemina fyrir 1. október 2020 og bera ótakmarkaða skattskyldu hér á landi skv. 1. eða 2. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.
Lögin gilda einnig um almenn félagasamtök. Lögin gilda ekki um stofnanir, byggðasamlög eða fyrirtæki í eigu ríkis eða sveitarfélaga.

Að lokum vil ég þakka fyrir tækifærið til að hitta nefndina að máli og fylgja umsögn þessari eftir.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar Bandalags sjálfstæðra leikhúsa - SL,
Orri Huginn Ágústsson
formaður